



# VÍSINDASTARF Á LANDSPÍTALA 2018



UMHYGGJA FAGMENNSKA ÖRYGGI FRAMPRÓUN

# Efnisyfirlit

Leiðari: Langhlaupið fyrir sjúklingana . . . . .	4	Hjartalækisfræði . . . . .	30
Styrkþegar Vísindasjóðs Landspítala 2018 . . . . .	5	Húð- og kynsjúkdómalækisfræði . . . . .	31
Á uppskeruhátíð vísindastarfs Landspítla -Vísindum á vordögum, sem haldin var 24. apríl 2018 úthlutaði Vísindasjóður Landspítala 73 milljónum króna til 88 vísindarannsóknna. . . . .	5	Innkirtlalækisfræði . . . . .	31
Vísindaráð Landspítala . . . . .	5	Lungnalækisfræði . . . . .	32
Vísindasjóður Landspítala . . . . .	5	Meltingarlækisfræði . . . . .	34
Heiðursvísindamaður Landspítala 2018 . . . . .	6	Nýrnalækisfræði . . . . .	35
Frá Vísindaráði Landspítala . . . . .	6	Smitsjúkdómalækisfræði . . . . .	36
Ungir vísindamenn Landspítala 2018 . . . . .	6	Meinafræði . . . . .	36
Átta ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna . . . . .	7	Myndgreining . . . . .	37
Minninga- og gjafasjóður Landspítala . . . . .	7	Ónæmisfræði . . . . .	38
Vísindarannsóknanevnd heilbrigðisrannsókna (VRN) . . . . .	8	Skurðlækisfræði . . . . .	40
Siðanefnd heilbrigðisrannsókna samþykkti 54 nýjar rannsóknir á árinu . . . . .	9	Kviðarhols- og brjóstaskurðlækningar . . . . .	40
Ársskýrsla Siðanefndar heilbrigðisrannsókna á Landspítala 2018 . . . . .	10	Hjarta- og lungnaskurðlækisfræði . . . . .	40
Nýjar vísindarannsóknir á Landspítala á árinu 2018 . . . . .	11	Lýtaskurðlækisfræði . . . . .	41
Siðanefnd heilbrigðisrannsókna veitti leyfir fyrir eftirtöldum rannsóknum . . . . .	11	Kviðarhols- og brjóstaskurðlækningar . . . . .	41
Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2018 . . . . .	16	Æðaskurðlækisfræði . . . . .	41
Augnlækisfræði . . . . .	16	Þvagfæraskurðlækisfræði . . . . .	41
Barnalækisfræði . . . . .	16	Svæfinga- og gjörgæslulækisfræði . . . . .	41
Bráðalækisfræði . . . . .	19	Sýklafræði . . . . .	43
Bæklunarskurðlækisfræði . . . . .	19	Veirufræði . . . . .	44
Endurhæfingarlækisfræði/Sjúkraþjálfun . . . . .	20	Taugasjúkdómafræði . . . . .	44
Sjúkraþjálfun . . . . .	20	Öldrunarlækisfræði . . . . .	44
Lækisfræðileg endurhæfing . . . . .	20	Blóðbankinn . . . . .	45
Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar . . . . .	21	Eðlisfræðingar . . . . .	46
Geðsjúkdómafræði . . . . .	22	Félagsráðgjöf . . . . .	46
Almenn geðlækisfræði . . . . .	22	Geislafræðingar . . . . .	46
Barna- og unglíngageðlækisfræði . . . . .	23	Iðjuþjálfun . . . . .	47
Sálarfræði . . . . .	23	Lyfjafræði . . . . .	47
Krabbameinslækisfræði . . . . .	25	Náttúrufræðingar . . . . .	47
Lífefna- og sameindalíffræði . . . . .	26	Næringarfræði . . . . .	51
Lyflækisfræði . . . . .	27	Talmeinafræðingar . . . . .	52
Blóðlækisfræði . . . . .	27	Verkfræðingar . . . . .	52
Gigtarlækisfræði . . . . .	28	Barnahjúkrun . . . . .	53
		Bráðahjúkrun . . . . .	54
		Endurhæfingarhjúkrun . . . . .	54
		Endurhæfingarhjúkrun . . . . .	55
		Fjölskylduhjúkrun . . . . .	55
		Geðhjúkrun . . . . .	56
		Hjúkrun aðgerðasjúklinga . . . . .	56
		Hjúkrunarstjórnun . . . . .	57
		Hjúkrun langveikra fullorðinna . . . . .	57
		Krabbameinshjúkrun . . . . .	57
		Kynheilbrigði . . . . .	58
		Skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrun . . . . .	58
		Upplýsingatekni í hjúkrun . . . . .	58
		Öldrunarhjúkrun . . . . .	58
		Ljósmóðurfræði . . . . .	59
		Skrifstofa forstjóra . . . . .	59
		Skrifstofa framkvæmdastjóra fjármálasviðs . . . . .	60
		Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga . . . . .	60

## Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2018 í starfrófsröð eftir fræðigreinum og sviðum

Almenn geðlæknisfræði . . . . .	22	Lífefna- og sameindalíffræði . . . . .	26
Augnlæknisfræði . . . . .	16	Ljóssmóðurfraði . . . . .	59
Barnahjúkrun . . . . .	53	Lungnalæknisfræði . . . . .	32
Barnalæknisfræði . . . . .	16	Lyfjafræði . . . . .	47
Barna- og unglíngageðlæknisfræði . . . . .	23	Lyflæknisfræði . . . . .	27
Blóðbankinn . . . . .	45	Lýtaskurðlæknisfræði . . . . .	41
Blóðlæknisfræði . . . . .	27	Læknisfræðileg endurhæfing . . . . .	20
Bráðahjúkrun . . . . .	54	Meinafræði . . . . .	36
Bráðalæknisfræði . . . . .	19	Meltingarlæknisfræði . . . . .	34
Bæklunarskurðlæknisfræði . . . . .	19	Myndgreining . . . . .	37
Eðlisfræðingar . . . . .	46	Náttúrufræðingar . . . . .	47
Endurhæfingarhjúkrun . . . . .	54	Nýrnalæknisfræði . . . . .	35
Endurhæfingarhjúkrun . . . . .	55	Næringarfræði . . . . .	51
Endurhæfingarlæknisfræði/Sjúkraþjálfun . . . . .	20	Ónæmisfræði . . . . .	38
Félagsráðgjöf . . . . .	46	Sálarfræði . . . . .	23
Fjölskylduhjúkrun . . . . .	55	Sjúkraþjálfun . . . . .	20
Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar . . . . .	21	Skrifstofa forstjóra . . . . .	59
Geðhjúkrun . . . . .	56	Skrifstofa framkvæmdastjóra fjármálasviðs . . . . .	60
Geðsjúkdómafræði . . . . .	22	Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga . . . . .	60
Geislafræðingar . . . . .	46	Skurðlæknisfræði . . . . .	40
Gígtarlæknisfræði . . . . .	28	Skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrun . . . . .	58
Hjartalæknisfræði . . . . .	30	Smitsjúkdómalæknisfræði . . . . .	36
Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði . . . . .	40	Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði . . . . .	41
Hjúkrun aðgerðasjúklinga . . . . .	56	Sýklafræði . . . . .	43
Hjúkrunarstjórnun . . . . .	57	Talmeinafræðingar . . . . .	52
Hjúkrun langveikra fullorðinna . . . . .	57	Taugasjúkdómafræði . . . . .	44
Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði . . . . .	31	Upplýsingatækni í hjúkrun . . . . .	58
Iðjuþjálfun . . . . .	47	Veirufræði . . . . .	44
Innkirtlalæknisfræði . . . . .	31	Verkfræðingar . . . . .	52
Krabbameinshjúkrun . . . . .	57	Þvafgætaskurðlæknisfræði . . . . .	41
Krabbameinslæknisfræði . . . . .	25	Æðaskurðlæknisfræði . . . . .	41
Kviðarhols- og brjóstaskurðlækningar . . . . .	40	Öldrunarhjúkrun . . . . .	58
Kviðarhols- og brjóstaskurðlækningar . . . . .	41	Öldrunarlæknisfræði . . . . .	44
Kynheilbrigði . . . . .	58		





Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir vísindaeildar Landspítala og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands.




## Leiðari Langhlaupið fyrir sjúklingana

Erfitt er að sýna fram á framfarir með trúverðugum hætti án hlutlægra mælikvarða. Hlutlægar breytur varða því oftast veginn í rannsóknum og gæðaverkefnum. Það sem er mælt hefur áhrif. Við þurfum því að vanda valið á mælikvörðum og velja þá sem skipta máli. Margoft hefur verið sýnt fram á að gæði klínískrar þjónustu og iðkun vísindastarfs haldast í hendur. Afkasta- og gæðamælingar eru hins vegar ekki einfaldar í vísindum. Tíminn sem liður frá því að rannsóknar-spurning kviknar þar til að rannsókn hefur verið skipulögð, fjármögnuð, framkvæmd og birt getur verið æði langur. Engu að síður er einn algengasti mælikvarðinn sem notaður er til að meta vísindavirkni fjöldi greina sem birtist í ritrýndum fræðitimaritum. Á síðasta ári fækkaði litillega birtum greinum með aðild spítalans, bæði hvað varðar birtingar á erlendum og innlendum vettvangi, en segja má að árin 2016-2018 hafi fjöldi birtinga samt haldist nokkuð svipaður (mynd 1). Mikilvægt er þó að hafa í huga að fjöldatölur einar og sér segja ekki alla söguna, enda eru vísindagreinar oft fjölbundnar verk með aðild margra rannsakenda og stofnana. Með tilkomu öflugrar nýrrar aðferðafræði þar sem rýnt er í stór gagnasöfn hafa opnast möguleikar á annars konar gæðaviðmiðum, sem felast í því að meta gæði eða áhrif (impact) birtra vísindagreina og hefur hópur á vegum NordForsk m.a. notað slíka aðferðafræði við að skoða norræna háskóla og háskólasjúkrahús, þ.m.t. Landspítala og nýlega kynnt niðurstöðurnar. Gallinn við þessa aðferðafræði er að hún er flókin og allnokkur töf getur orðið á að niðurstöður verði ljósar, og er töfin oft talin í nokkrum árum eftir birtingarar viðkomandi vísindagreina.

Annar mælikvarði sem nota má til að leggja mat á vísindalega virkni er fjöldi umsókna um leyfi til síðanefnda. Þar varð á síðasta ári veruleg aukning frá fyrri árum til síðanefndar heilbrigðisrannsókna á spítalanum, en fjöldi umsókna til vísindasiðanefndar stóð í stað (mynd 2). Segja má að þarna komi fram vísbending um áhuga og áform rannsakenda sem lofa góðu.

Af fjölmörgum forsendum árangursríkra rannsókna ber hæst hafa vísindamenn, fjármögnun og aðstöðu. Spítalinn býr að miklum mannauði, en engar upplýsingar eru tiltækar um það hversu miklum tíma er varið til rannsókna. Fyrri athuganir sem gerðar hafa verið benda til að oft sé þessu lögbundna hlutverki spítalans sinnt að miklu leyti utan hefðbundins vinnutíma. Það kann að vera ósjálfbært fyrirkomulag, að treysta á sjálfböðavinnu áhugasamra rannsakenda þegar ljóst er að gildismat og forgangsröðun nýrra kynslóða er að breytast. Fjármögnun er auðveldara að mæla, en samantekt á styrkveitingum sem rannsakendur spítalans hlutu á síðasta ári má sjá á mynd 3. Þar má sjá að erlendir styrkir hafa sveiflast á milli ára, en nokkra aukningu mátti greina á síðasta ári saman borið við 2017, en á móti drógust innlendir styrkir saman. Gögn frá Rannís sýna að undanfarin ár hefur umsóknum vísindamanna fækkað frá spítalanum í Rannsóknasjóð, stærsta samkeppnisjóð til vísindarannsókna hér á landi. Á sama tíma reyndist árangurshlutfall rannsakenda heilbrigðisvísindasviðs fyrir ný verkefni við síðustu úthlutun aðeins 9%, sem þýðir að 91% umsókna hlutu ekki brautargengi, oft þrátt fyrir afar jákvæðar umsagnir málsmetandi sérfræðinga. Úthlutunarhlutfall Rannsóknasjóðs náði þarna sögulegu lágmarki eftir því sem ég kemst næst og var jafnframt lægra en meðal margra erlendra öflugra samkeppnisjóða, t.d. hjá Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna (NIH). Mikilvægt er að þessari þróun verði snúið við: Fjármögnun samkeppnisjóða þarf að efla svo um munar, ella ógnar það framþróun í heilbrigðisvísindum hér á landi og letur ungt fólk með góðar hugmyndir til að velja sér þennan starfsvettvang. Jafnframt glatast tækifæri til sköpunar nýrrar þekkingar og bættrar þjónustu við landsmenn.

Uppbygging rannsóknainniðna er langtímaverkefni. Jákvæð teikn eru nú á lofti hér á spítalanum um að slík sókn sé að hefjast. Framkvæmdastjórn Landspítala samþykkti í janúar 2019 að tillögu vísindaráðs nýja vísindastefnu fyrir spítalann og vænta má að aðgerðaáætlun og fjármögnun stefnunnar verði jafnframt tryggð. Einnig hefur á þessu ári verið bætt nokkuð í vísindasjóð spítalans frá fyrra ári, um 12 milljónir króna (13,6% hækkun). Þá hefur verið ákveðið að nýta fjármagn sem spítalinn fékk við sölu á hluta-bréfum í nýsköpunarfyrirtækinu Oculis sem Einar Stefánsson prófessor og yfirlæknir stofnaði ásamt Þorsteini Loftssyni prófessor árið 2003, til að veita þeim starfsmönnum hvatningu, sem birta ritrýndar vísindagreinar sem merktar eru Landspítala í öflugum fagtimaritum. Allt eru þetta mikilvæg skref fram á við, sjúklinga okkar vegna.





## Styrkþegar Vísindasjóðs Landspítala 2018

Á uppskeruhátíð vísindastarfs Landspítala -Vísindum á vordögum, sem haldin var 24. apríl 2018 úthlutaði Vísindasjóður Landspítala 73 milljónum króna til 88 vísindarannsóknna.

## Vísindaráð Landspítala

Vísindaráð er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á sjúkrahúsinu gagnvart háskólastofnunum og öðrum. Vísindaráð er sviði framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar Landspítala til ráðgjafar um þau verkefni þess sem snúa að háskóla- og vísindastarfi og þróun heilbrigðisvísinda.

Vísindaráð á aðild að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala samkvæmt reglum sjóðsins, og semur matsreglur í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir, með hliðsjón af matsreglum íslenskra háskóla. Þá er Vísindaráð til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á spítalanum.

Vísindaráð Landspítala er skipað tíu einstaklingum til fjögurra ára í senn.

### Aðalmenn:

Rósa Björk Barkardóttir, formaður, náttúrufræðingur

Guðrún Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og prófessor

Anna Margrét Halldórsdóttir læknir

Helga Gottfreðsdóttir, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og prófessor

Jón Friðrik Sigurðsson, sálfræðingur og prófessor

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor

Þorvarður Jón Löve, læknir og lektor

Þórarinn Guðjónsson, náttúrufræðingur og prófessor

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur, verkefnastjóri

Jón Jóhannes Jónsson, læknir og prófessor

Ragnar Freyr Ingvarsson, sérfræðingur í gigtlækningum



Vísindaráð Landspítala

### Varamenn:

Auðna Ágústsdóttir, hjúkrunarfræðingur, verkefnastjóri,

Bertrand Lauth, læknir og lektor

Herdís Sveinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og prófessor

Ingibjörg Gunnarsdóttir, næringarfræðingur og prófessor

Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir læknir

Inga Reynisdóttir náttúrufræðingur

Sigríður Zoëga, hjúkrunarfræðingur og lektor

Sigurður Guðjónsson, sérfræðingur í þvagfæraskurðlækningum

Sif Ormarsdóttir meltingarlæknir

Paolo Gargiulo, verkfræðingur og dósent

## Vísindasjóður Landspítala

Vísindasjóður Landspítala er rannsóknarsjóður, sem árlega veitir rúmlega 80 milljónum króna í rannsóknarstyrki til starfsmanna spítalans. Vísindasjóður var formlega stofnaður á árinu 2000 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og voru fyrstu styrkveitingar úr sjóðnum á árinu 2002. Stjórn Vísindasjóðs ákveður hverjir fá styrki úr sjóðnum, með hliðsjón af umsögnum frá Vísindaráði LSH.

### Stjórn vísindasjóðs:

Páll Matthíasson forstjóri, formaður

Rósa Björk Barkardóttir, náttúrufræðingur og prófessor

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar


Rúnar Bjarni Jóhannsson, deildarstjóri reikningshalds



## Heiðursvísindamaður Landspítala 2018

Runólfur Pálsson er prófessor í lyflæknisfræði -nýrnasjúkdómafræði við læknadeild Háskóla Íslands. Hann er jafnframt yfirleknir nýrnalækninga og umsjónarmaður líffæraígræðsluteymis Landspítala. Hann er vitur vísindamaður og hefur birt rúmlega 130 vísindagreinar og bókarkafla og hefur átt aðild að liðlega 300 ágrípum sem kynnt hafa verið á vísindabingum. Þá hefur hann haldið fjölda boðsfyrirlestra víða um heim.

Runólfur á sæti í ritstjórn Journal of Nephrology og sat áður í ritstjórn Clinical Journal of the American Society of Nephrology um árabil. Einnig hefur Runólfur verið einn af ritstjórum og ábyrgðarmönnum Handbókar í lyflæknisfræði. **Nánar**



Myndin er tekin af Runólfur Pálsson er hann hélt fyrirlestur í tilefni þess 24. apríl 2018



## Ungir vísindamenn Landspítala 2018

Ungir vísindamenn á Landspítala 2018 voru þau: Ása Bryndís Guðmundsdóttir lyfjafræðinemi hennar verkefni er : Utanfrumufjölsýkrur blágrænþörungna úr Bláa Lóninu draga úr tjáningu angafrumna á SYK og CLEC7a, Bárá Dís Benediktsdóttir lækni, verkefni hennar fjallar um skyndidauða á Íslandi, Elva Rut Sigurðardóttir læknanemi hennar verkefni snýr að fósturköfnun á Íslandi, nýgengi, Ólafur Pálsson lækni hans rannsókn snýr að sjúklingum með sóragigt og meðferð með líftæknilyfjum (boDMARDs). **Nánar**

Ása Bryndís Guðmundsdóttir lyfjafræðinemi,  
Bára Dís Benediktsdóttir lækni, Elva Rut Sigurðardóttir læknanemi og Ólafur Pálsson lækni.

## Frá Vísindaráði Landspítala

Árið 2018 var óvenju annasamt hjá Vísindaráði Landspítala. Eitt af umfangsmeiri verkefnum ráðsins var endurskoðun á vísindastefnu spítalans en eitt af mikilvægari hlutverkum ráðsins er að vera forstjóra og framkvæmdastjórn spítalans til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á Landspítala. Vinnsla nýrrar vísindastefnu byggði á tillögu að vísindastefnu sem ráðið hafði unnið árið 2013, gildandi vísindastefnu frá árinu 2007, niðurstöðum frá stöðufundi sem ráðið hélt 2017 með þeim sem fengið hafa hvatningastyrki úr Vísindasjóði Landspítala, og á upplýsingum sem aflað var með samtölum meðlima ráðsins við haghafa í nærumhverfi sínu. Tillaga að nýrri vísindastefnu var einnig lesin af völdum aðilum innan spítalans, áður en hún var send framkvæmdastjórn. Í kjölfarið var tillaga að nýrri vísindastefnu send framkvæmdastjórn í apríl, kynnt á fundi framkvæmdastjórnar í október og tekin aftur til umræðu innan stjórnar í nóvember. Vísindastefna fyrir Landspítala 2019 – 2024 var svo samþykkt af framkvæmdastjórn í janúar 2019.

Eins og segir í nýrri vísindastefnu þá er öflug vísindastarfsemi ein af mikilvægustu grunnstöðum hvers háskólásjúkrahúss og er forsenda framþróunar í heilbrigðisþjónustu og menntun heilbrigðisstétta. Það er því rík ástæða fyrir því að fyrsta markmið nýrrar vísindastefnu Landspítala er að „**vísindastarf innan Landspítala sé eftir og ástundun vísindalegra rannsókna sé samofin daglegri starfsemi**“. Eins og hefur komið fram hefur því miður mátt merkja undanfarin ár ákveðna lægð í vísindastarfi almennt á spítalanum. Langflestir þeirra sem rætt var við í tengslum við endurskoðun á nýrri vísindastefnu kvörtuðu mjög ákveðið yfir skorti á tíma fyrir vísindin og nefndu sem aðalskýringu mikið vinnuálag í tengslum við klíniska vinnu. Það er mikilvægt að bregðast við þessu strax þó ljóst sé að um mikla áskorun er að ræða. Stjórnendur spítalans hafa lagt af stað í þá vegferð. Í framkvæmdakafli nýrrar vísindastefnu spítalans kemur fram að ein af höfuðáherslum nýrrar stefnu er að vinna að því að starfsfólk spítalans fái aukid svigrúm og tíma til að stunda vísindarannsóknir. Í greinargerð sem fylgir nýrri vísindastefnu eru tilteknar nokkrar leiðir til að ná því markmiði. Þar á meðal mikilvægi þess að við þarfagreiningar, gerð rekstraráætlaða og mönnum deilda sé gert ráð fyrir vísindastarfi, á sama hátt og gert er ráð fyrir mönnum tengdri klíniskri vinnu og kennslu. Einnig því að í ráðningarsamningum og starfslýsingum sé gert ráð fyrir skilgreindum tíma til vísindastarfa hjá starfsfólki spítalans sem hefur áhuga og getu til að stunda rannsóknir. Þá sé mikilvægt að vísindastarf sé hefðbundinn hluti af frammistöðumati starfsfólks.

Fyrirferðamesta verkefni Vísindaráðs á árinu 2018 var eins og fyrri ár umsjón með yfirferð og mati á umsóknum sem bárust Vísindasjóði Landspítala. Á grundvelli þessarar vinnu var úthlutað úr sjóðnum samtals 70 milljónum í vorstyrki til 90 vísindaverkefna og tæpum 15 milljónum í níu styrki til ungs vísindafólks á Landspítala til þess að kaupa sig frá klínisku starfi til að vinna að vísindarannsóknum. Til viðbótar, að



Rósa Björk Barkardóttir, formaður Vísindaráðs Landspítala.

beiðni stjórnar Minninga- og gjafasjóðs Landspítala Íslands, valdi ráðið sérstaklega tvö framúrskarandi verkefni, sem stjórn sjóðsins styrkti hvort fyrir sig með einni og hálfri milljón. Brynja Ingadóttir og Einar Stefánsson urðu þessa heiðurs aðnjótandi. Forsvarskonur sjóðsins veittu styrkinn við sérstaka athöfn á Vísindi á vordögum. Var þetta mikið og þakkarvert framtak hjá stjórn sjóðsins.

Vísindaráð sér um undirbúning Vísindi á vordögum ásamt vísindadeild. Eitt af ánægjulegri hlutverkum ráðsins í tengslum við þann undirbúning er að sjá um valið á heiðursvísindamanni Landspítala og ungum vísindamanni Landspítala. Valið á ungum vísindamanni Landspítala byggði á innsendum vísindaágrípum, en 71 ágríp hlutu samþykki og voru birt á rafrænu formi í Læknaþláðinu. Fjórir ungar vísindamenn voru heiðraðir, þau Ása Bryndís Guðmundsdóttir, Bárá Dís Benediktsdóttir, Elva Rut Sigurðardóttir og Ólafur Pálsson. Runólfur Pálsson var valinn heiðursvísindamaður Landspítala árið 2018.

Fyrir utan afhendingu styrkja til vísindamanna Landspítala og heiðrunar okkar framúrskarandi vísindafólks er tilgangi Vísinda á vordögum að skapa vettvang fyrir starfsfólk Landspítala að hittast og gefa sér tólm til að ræða um vísindi og kynna sér hvað aðrir á spítalanum eru að fást við. Það hefur tekist vel fram að þessu en líklegast verður meiri gleði en oft áður við afhendingu styrkja í ár. Ástæðan er sú að framkvæmdastjórn spítalans ákvað að hækka framlagið í Vísindasjóð úr 85 milljónum í 100 milljónir. Auk þessa ákvað stjórnin að veita aukalega 12 milljónir á ári næstu þrjú árin í sérverkefni til eflingu vísinda innan Landspítala. Er það þarft verk og tímabært, og vonandi eru það bara fyrstu skrefin í að auka fjármagn til eflingar vísinda innan Landspítala.

Fyrir hönd Vísindaráðs Landspítala óska ég öllum skemmtilegrar dagsstundar á Vísindi á vordögum 2019.

Rósa Björk Barkardóttir, formaður Vísindaráðs Landspítala.



Ungir vísindamenn sem fengu styrki úr Vísindasjóði Landspítala í desember 2018, ásamt forstjóra spítalans, rektor Háskóla Íslands og formanni vísindaráðs spítalans

## Átta ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna

**Arnar Jan Jónsson** læknir. Langvinnur nýrnasjúkdómur á Íslandi.  
**Meðumsækjandi:** Runólfur Pálsson.  
**Aðrir samstarfsmenn:** Ólafur Skúli Indriðason, Sigrún Helga Lund.

**Erna Hinriksdóttir** læknir. Nýgengi og algengi geðklofa og annarra geðrofssjúkdóma á Íslandi.  
**Meðumsækjandi:** Halldóra Jónsdóttir.  
**Aðrir samstarfsmenn:** Nanna Briem, Engilbert Sigurðsson, Oddur Ingimarsson, Erik Brynjar Eriksson, Guðmundur Karl Sigurðsson.

**Guðrún Björg Steingrimsdóttir** sérnámslæknir. Sár vetrarins. Faraldsfræði alvarlegra áverka og áverkadauða á Íslandi.  
**Meðumsækjandi:** Brynjólfur Ámi Mogensen.  
**Aðrir samstarfsmenn:** Torben Wisborg, Håkon Kvale Bakke, Trond Dehli.

**Guðrún Lísbet Nielsdóttir** hjúkrunarfræðingur. Polmörk Landspítala í hópslysum – bráðaviðbrögð og áhrif á flæði sjúklinga eftir tvö rútslyss.  
**Meðumsækjandi:** Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir.  
**Aðrir samstarfsmenn:** Brynjólfur Mogensen, Jón Magnús Kristjánsson, Sólrún Rúnarsdóttir.

**Halla Ósk Ólafsdóttir** sálfræðingur. Sérhæfð meðferð og snemmtækt inngrip við geðhvörfum á Íslandi.  
**Meðumsækjandi:** Engilbert Sigurðsson.  
**Aðrir samstarfsmenn:** Brynja B. Magnúsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Nanna Briem.

**Helgi Kristinn Björnsson** læknir. Lifrarskaði af völdum krabbameinslyfja.  
**Meðumsækjandi:** Einar Stefán Björnsson.  
**Aðrir samstarfsmenn:** Ásgerður Sverrisdóttir.

**I. Margrét Baldursdóttir** hjúkrunarfræðingur. Sálfélagsleg stuðningsmeðferð fyrir fjölskyldur unglunga með ADHD: sjónarmið foreldra og unglunga.  
**Samstarfsmaður:** Erla Kolbrún Svavarsdóttir.

**Lára Ósk Eggertsdóttir** Claessen læknir. Afleiðing höfuðhöggs hjá íþróttakönnum, möguleg vanstarfsemi á heiladingli, taugasálfræðileg skerðing og lífsgæði.  
**Meðumsækjandi:** Helga Ágústa Sigurjónsdóttir.  
**Aðrir samstarfsmenn:** María Kristín Jónsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir.



Páll Matthíasson forstjóri, Einar Stefánsson prófessor og yfirlæknir, Brynja Ingadóttir sérfræðingur í hjúkrun, ásamt Hildi Harðardóttur stjórnaðar Minningargjafasjóði Landspítala Íslands.

## Minninga- og gjafasjóður Landspítala

Minningargjafasjóður Landspítala Íslands veitti Brynju Ingadóttur og Einari Stefánssyni styrki sem námu einni og hálfri milljón króna hvor. Verkefni Brynju er „Próun og prófun á tölvukennsluleik til að búa börn fyrir svæfingu“ og verkefni Einars er „Súrefnismetun sjónhimnuæða í ýmsum sjúkdómum.“ Sjóðurinn veitir 5 milljónir króna á þessu ári til vísindarannsókna í samræmi við tillögu vísindaráðs Landspítala. **Nánar**

## Merking greina

Vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri með rétttri merkingu og skráningu greina og auðveldar leit í gagnagrunnum. Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti spítalans á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinar. Stundum merkja höfundar greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Þar sem það á við á að merkja greinar sínar báðum stofnunum, t.d. Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavik, Iceland and Landspítali - The National University Hospital of Iceland.

## Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær en þannig hækkar h-index höfunda í Web of Science. Einnig flýtur það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri.





Eyrún Steinsson, Helga Hrefna Bjarnadóttir, Oddný S. Gunnarsdóttir, Halla Sigrún Arnardóttir, Guðriður Þórðardóttir, Torfi Magnússon. Á myndina vantar Hannes Þór Bjarnason.

## Vísindarannsóknanefnd heilbrigðisrannsókna (VRN)

Tók til starfa um s.l. áramót og er meðal annars ætlað að aðstoða vísindamenn og leiðbeina um atriði sem lúta að umsóknum um leyfi til að framkvæma vísindarannsóknir á Landspítala, annast útgáfu leyfa fyrir hönd framkvæmdastjóra lækninga, einnig að hafa umsjón með samningum varðandi utanaðkomandi fjármögnun rannsókna. <http://innri.lsh.is/starfsemin/nefndir-og-rad/yfirlitssida-yfir-nefndir-og-rad-a-o/visinda-rannsoknanefnd-heilbrigdisrannsokna/>

### Nefndarmenn

Torfi Magnússon, ráðgjafi framkvæmdastjóra lækninga, formaður

Eyrún Steinsson, fjármálaráðgjafi á skrifstofu framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar,

Guðriður Þórðardóttir, lækningaritari á gæðadeild

Halla Sigrún Arnardóttir, verkefnastjóri á vísindadeild og KRS

Hannes Þór Bjarnason, rekstrarstjóri hugbúnaðarlausna

Helga Hrefna Bjarnadóttir, deildarstjóri á hagdeild,

Oddný Sigurborg Gunnarsdóttir, verkefnastjóri á vísindadeild,



# Siðanefnd heilbrigðisrannsókna samþykkti 54 nýjar rannsóknir á árinu

Afturskyggt ferilrannsókn á einkennum og klínisku ferli íslenskra mænu-kaðasjúklinga og reynsla þeirra af þáttum sem ýmist auka eða minnka líkur á að þeir nái tókum á daglegu lífi. Marianne Elisabeth Klinke hjúkrunarfræðingur og lektor.

Afturskyggn rannsókn á lyfjaeitrunum sem komu til meðferðar á Landspítala árið 2018. Freyja Jónsdóttir klíniskur lyfjafræðingur.

Algengi augnþurrks meðal sjúklinga á lyflæknisdeild Landspítalans. Freyja Jónsdóttir klíniskur lyfjafræðingur.

Alvarlegar afleiðingar barnabiks í legvatni fyrir nýburann. Þórður Þórkelsson yfirlæknir vökudeild.

Ábendingar, öryggi og meðferðarhaldni krabbameinslyfjameðferða um munn af flokki próteínkinasahemla. Þórunn Kristín Guðmundsdóttir klíniskur lyfjafræðingur.

Áhrif vancomycins og amínóglýkósíða notkunar hjá börnum á nýrnastarfsemi. Valtýr Stefánsson Thors sérfræðingur í barnsmitisjúkdómum.

Áhrif þjálfunar hreyfikerfis öndunar eftir hjáveituaðgerð á hjarta á lungnarúmmál, öndunarhreyfingar og styrk öndunarvöðva. Forkönnun. Bjarni Torfason yfirlæknir.

Árangur og fylgikvillar af gangráðs, bjargráðs og tvísleglagangráðsmeðferð á Íslandi 2014-2018. Sigfús Órvar Gizurarson yfirlæknir.

Botnlangaómun gæti verið ásættanleg rannsókn sem getur leyst af hólmi tölvusneiðmynd af kviðarholi, Retrospective Case Control Study. Gunnar Andrésen deildarlæknir.

Breyting á skjólstæðingahópi minnismóttökunar á Landakoti: lyðfræðileg samsetning, greiningar og taugasálfræðileg mynstur. María Guðnadóttir sálfræðingur.

Effectiveness of acupuncture as a complimentary therapy for insomnia, symptoms of anxiety, stress and depression as well as cravings for substance use as experienced by service users of rehabilitation mental health services in hospital settings. Helga Sif Friðjónsdóttir hjúkrunardeildarsjóri.

Endurkomur og endurinnlagnir skurðsjúklinga á LSH. Brynja Ingadóttir lektor og sérfræðingur í hjúkrun.

Functional electrical stimulation effect on gait speed in drop foot patients : a single center retrospective study. Guðbjörg Kristín Ludvígsdóttir, endurhæfningslæknir og aðjúnkt.

Gagnsemi mælingar á s-tryptasa hjá sjúklingum á bráðamóttöku með bráð ofnæmiseinkenni. Hjalti Már Björnsson bráðalæknir.

Genetic counselling experience of web-based return of BRCA2 results, in Iceland. Vigdís Stefánsdóttir erfðaráðgjafi.

Gæði hefðbundinna röntgenrannsókna við greiningu á áverkum í efri háls hryggnum. Halldór Jónsson jr yfirlæknir og próffessor.

Heilaáföll (e.stroke) í börnum á Íslandi 1997-2018. Sigurður Einar Marelsson barnalæknir.

Hreinsun Immune complexa úr blóði sjúklinga með komplementaskort (classical pathway). Skráning breytinga í blóði við plasmagjöf. Kristján Erlendsson læknir.

Hugræn innsæisþjálfun með hugrænni atferlismeðferð (HI+HAM): slambiröðuð meðferðarprófun fyrir ungt fólk með byrjandi geðrofsjúkdóm. Brynja B Magnúsdóttir sálfræðingur og lektor.

Komur og endurkomur 67 ára og eldri á bráðamóttöku Landspítala – lyðfræði, ástæður koma og áhrif eftirfylgdar. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir forstöðumaður og dósent.

Könnun á notagildi “Longitudinal Plots” við mat á næringarmeðferð sjúklinga með arfgenga efnaskiptasjúkdóma. Leifur Franzson deildarlyfjafræðingur.

Meðferð með líftæknilyfjum við fylgiliðagigt; meðferðarárangur og meðferðaröryggi. Björn Guðbjörnsson sérgreinalæknir og próffessor.

Músíkmeðferð einstaklinga með heilabilunarsjúkdóm: sjáanlegar vísbendingar um líðan. Ingibjörg Hjaltadóttir sérfræðingur í hjúkrun.

Myndgreining á Vökudeild - Úttekt á verkferlum við röntgenmyndatöku af börnum í hitakassa. Alda Steingrimsdóttir gæðastjóri og geislafræðingur.

Mæling QT-bils hjá ungu fólki með geðrofsjúkdóma. Halldóra Jónsdóttir yfirlæknir.

Notkun og áhrif SSRI þunglyndislyfja á meðgöngu á meðal kvenna á Ísland. Snjólaug Sveinsdóttir sérfræðingur í barnalækningum.

Næringarástand fyrir og eftir efnaskiptaaðgerðir á Landspítala. Ingibjörg Gunnarsdóttir próffessor.

Próffræðilegir eiginleikar Stages of Change Readiness and Treatment Eagerness Scale (SOCRATES) og University of Rhode Island Change Assessment (URICA). Baldur Heiðar Sigurðsson sálfræðingur.

Reynsla maka einstaklinga með hreyfitaugahörnunarsjúkdóm (MND) frá greiningu til andláts: Eigindleg viðtöl. Marianne Elisabeth Klinke hjúkrunarfræðingur og lektor.

Rétt staðsetning barkarennu við nös hjá nýburum. Þórður Þórkelsson yfirlæknir.

Samanburður á meðferð kalsíumlækkunar eftir heildarskjaldnám fyrir og eftir upptöku breyttra verklagsreglna eftir aðgerð. Geir Tryggvason læknir.

Samanburður á tjáningu mótefnanna C-kit, DOG-1 og PDGFRA í strómaæxlum í meltingarvegi (GIST). Ásbjörg Ósk Snorradóttir lífeindafræðingur.

Skurðaðgerðir við loftbrjósti á Landspítala á árunum 1991-2018 – árangur og fylgikvillar. Tómas Guðbjartsson sérfræðingur.

Staða fyrirbyggjandi sýklalyfjagjafa á Landspítala, hjá sjúklingum sem fara í brjóstnáms- og uppbyggjaraðgerð með ígræði. Eru fyrirbyggjandi sýklalyfjagjafir á Landspítala í samræmi við ráðleggingar LSH og alþjóðlegar leiðbeiningar? Pétur S. Gunnarsson lyfjafræðingur.

Svefngæði og svefnraskanir eftir árstíðum hjá ungu fólki með byrjandi geðraskanir samanborið við háskólanemendur. Baldur Heiðar Sigurðsson sálfræðingur.

Tengsl PROMPT bráðaefinga við útkomu fæðinga á Landspítalanum. Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent.

The psychometric properties of Psychosis Attachment Measure (PAM) and Attachment Avoidance in Therapy Scale (AATS) in Iceland and the role of attachment style in psychotic symptom severity and the duration of untreated psychosis. Próffræðilegir eiginleikar PAM og AATS á Íslandi og áhrif geðtengslastíl á alvarleika geðrofsinkenna og tímalengdar ómeðhöndlaðs geðrofs. Baldur Heiðar Sigurðsson sálfræðingur.

Umfang og tímasetningar nauðungarlyfjagjafa á Íslandi og einkenni sjúklinga sem fá nauðungarlyf. Eyrún Thorstensen hjúkrunarfræðingur.

Viðhorf aðstandenda til þjónustu HERU-sérhæfðar líknarþjónustu Landspítala. Valgerður Sigurðardóttir yfirlæknir.

Próun og prófun á tölvuleik til að kenna skurðsjúklingum um verkjameðferð eftir skurðaðgerð. Brynja Ingadóttir sérfræðingur í hjúkrun.

Öryggishringurinn (COS-P) - mat á árangri af fræðslu- og stuðningshóp fyrir foreldra. Erla Kolbrún Svavarsdóttir próffessor.



## Ársskýrsla Siðanefndar heilbrigðisrannsókna á Landspítala 2018

Siðanefnd heilbrigðisrannsókna á Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr 44/2014 og reglugerð sama efnis nr 1186/2014. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og í samvinnu við tengdar menntastofnanir. Óheimilt er að framkvæma rannsókn á heilbrigðissviði nema hafa áður hlotið samþykki siðanefndar.

### Alls voru haldnir 17 fundir á árinu 2018. Fjöldi erinda var sem hér segir:

Nýjar umsóknir	63
Viðbætur/breytingar	19
Fyrirspurnir	98

**Samtals 180**

### Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 5 ár.

2014	2015	2016	2017	2018
53	49	56	58	63

Nýjar umsóknir voru 63 á árinu. Af nýjum umsóknum voru grunnnáms- verkefni 20 og 24 meistara og doktorsverkefni. Heildarfjöldi umsókna var ívið Reykjavík, 31. janúar 2019 meiri en síðustu ár.

### Afgreiðsla umsókna var sem hér segir:

Samþykkt án athugasemda	4
Samþykkt með athugasemdum og skilyrðum	50
Óskað frekari upplýsinga	2
Biðna umfjöllunar	3
Annað	4

Bryndís Valsdóttir lét af nefndarstörfum í ágúst 2018 og við tók Svava Sigurðardóttir sjúkrahjálfari og doktorsnemi í hagnýtri siðfræði.

### Nefndarmenn í árslok eru:

Ólafur Samúelsson sérfræðilæknir, formaður,  
tilnefndur af framkvæmdastjórn  
-Magnús Haraldsson læknir, varamaður

Sverrir Harðarson læknir, tilnefndur af lækna ráði  
-Sigrún Reykdal læknir, varamaður

Elisabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði  
-Anna Ólafía Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Helga Þórðardóttir lögfræðingur, tilnefnd af framkvæmdastjórn  
-Oddur Gunnarsson lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn  
-Ólöf Ámundadóttir sjúkrahjálfari, varamaður

Þóra Steingrímsdóttir prófessor og yfirlæknir, tilnefnd af Háskóla Íslands

Svava Sigurðardóttir sjúkrahjálfari, tilnefnd af landlæknisembættinu  
-Rúnar Vilhjálmsson, varamaður.



# Nýjar vísindarannsóknir á Landspítala á árinu 2018

## Síðanefnd heilbrigðisrannsókna veitti leyfir fyrir eftirtöldum rannsóknum

Aðgerðir í efri hluta meltingarvegjar á krabbalki (neuroendocrine tumour, NETs). Kristín Huld Haraldsdóttir.

Afdrif einstaklinga 10 árum eftir fyrsta heilaslag. Guðbjörg Þóra Andrésdóttir.

Afstaða starfsfólks Landspítala til bólusetninga gegn influensu. Ásgeir Haraldsson.

Afturskyggn rannsókn á rofi á maga- og skeifugörm á Landspítala 2008-2017. Kristín Huld Haraldsdóttir.

Áhrif af markvissri hreyfingu, til viðbótar við vitræna endurhæfingu með félagskílningsþjálfun, á vitræna getu, lílðan og færni í daglegu lífi hjá einstaklingum með geðrofssjúkdóma. Brynja Björk Magnúsdóttir.

Áhættureiknir fyrir bráðar endurinnlagnir sjúklinga á legudeildir geðsviðs á Landspítala Sigrún Helga Lund

Árangur ADHD lyfjameðferðar sjúklinga í ADHD teymi LSH árin 2015-2017. Sigurlín H. Kjartansdóttir.

Árangur og fylgikvillar af gangráðs, bjargráðs og tvísleglagangráðsmeðferð á Íslandi 2014-2018. Sigfús Örvor Gizurarson.

Árangur rað-segulörvunar sem meðferð við viðvarandi röddum í heyrnarofskynjunum. Brynja B. Magnúsdóttir.

Árangur sérstaks meðferðarteymis, IceSG, við greiningu og meðferð sarkmeina í stoðkerfi á Íslandi 2006-2015. Halldór Jónsson jr.

Árangur skurðaðgerða við nýrnakrabbameini á Landspítala á árunum 2010-2017. Eiríkur Orri Guðmundsson.

Árangursmat á hópmeðferð við geðhvörfum. Halla Ósk Ólafsdóttir.

Árangursmat á þjónustu geðhverfateymis Landspítala. Halla Ósk Ólafsdóttir.

Athugun á þéttni/styrk beta-lactam lyfja sem gefin eru með langtíma innrennsli hjá sjúklingum sem fá meðferð utan sjúkrahúss. Pétur S Gunnarsson.

Bráðaviðbrögð Landspítala við rútslysum – Ástand og afdrif slasaðra úr tveimur hósplysum. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir.

Bætt greining samfélagslungnabólgu á Landspítala. Kristján Godsk Rögnvaldsson.

Efnaskiptavilla og áhættuþættir hjá ungu fólki með geðrofssjúkdóm. Halldóra Jónsdóttir.

Einkenni og árangur hjúkrunar í göngudeild fyrir fólk með langvinna lungnateppu og fjölskyldur þeirra. Helga Jónsdóttir.

Er marktækur munur á 1,5 Tesla og 3 Tesla tækjum á lendhrygg í segulömun? Kristján Örn Jóhannesson.

Fjölskyldumiðuð þjónusta á Landspítala: Áhrif styrkleikamiðaðra meðferðarsamræðna. Anna Ólafía Sigurðardóttir.

Forprófun á EORTC QLQ-HDC29 spurningalista. Lífsgæði sjúklinga með illkynja blóðsjúkdóma og krabbamein sem gangast undir háskammta krabbameinslyfjameðferð með eigin stofnfrumuígræðslu. Sigríður Zoega.

Gagnsemi mælingar á s-tryptasa hjá sjúklingum á bráðamóttöku með bráð ofnæmiseinkenni. Hjalti Már Björnsson.

Greining á tjáningu SLC13A5 próteina í miðtaugakerfi. Sigríður Rut Franzdóttir.

Heilsulæsi og skilningur sjúklinga á fræðslubæklingi um verkjameðferð eftir skurðaðgerð. Sigríður Zoega.

Holsjárrentgenmynd af gall- og brisgangi til fjarlægingar á gallrásarsteini á Íslandi. Páll Helgi Möller.

Komur barna á Landspítala vegna höfuðáverka – algengi, ástæður og innlagnir. Guðrún Kristjánsdóttir.

Komur barna á Landspítala vegna meiðsla á útlimum – algengi, ástæður og innlagnir. Guðrún Kristjánsdóttir.

Langtímaáhrif brunaáverka á heilsu fullorðinna einstaklinga. Brynja Ingadóttir.

Langtímaáhrif brunaáverka á heilsu fullorðinna einstaklinga. Brynja Ingadóttir.

Mat og skráning á verkjum hjá innliggjandi sjúklingum á legudeildum Landspítala. Sigríður Zoega.

Meðferð sykursýki hjá einstaklingum sem nýverið hafa verið greindir með bráðan kransæðasjúkdóm (NSTEMI og STEMI)– Staða lyfjanotkunar hjá þessum sjúklingum miðað við klínískar leiðbeiningar evrópsku hjartalækna-samtakanna (ESC). Pétur S. Gunnarsson.

Meðfædd diaphragma hernia á Íslandi árin 2002-2017. Hulda Hjartardóttir.

Meðfæddir efnaskiptasjúkdómar hjá börnum á Íslandi 2003-2018. Sigurður Einar Marelsson.

Myndgreining á litlum (<3 cm) nýrnaæxlum. Gunnar Andrésson.

Nokun á O-boga í samhengi við aðra myndgreiningu á Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Jónína Guðjónsdóttir.

Næringarmeðferð á gjörgæsludeildum Landspítala og notkun óbeinnar efnaskiptamælingar, NUTRIC score og ómskoðunar í mati á næringarástandi sjúklinga. Bjarki Kristinsson.

Næringarmeðferð aldraðra einstaklinga eftir útskrift á Landspítala Ólöf Guðný Geirsdóttir

Radiation Dose and Contrast agent Reduction in Abdominal CT Examination with Low Tube Voltage. Guðrún Ólöf Þórsdóttir.

Reliability and validity testing of the Icelandic version of Spinal Cord Independence Measure (SCIM-III) and SCIM-III Self Report (SR). Anestis Divanoglou.

Reynsla aðstandenda af þjónustu Laugarássins meðferðargeðdeildar. Halldóra Firðgerður Viðisdóttir.

Reynsla fólks á landsbyggðinni af krabbameinsmeðferð fjarri heimabyggð: Fyrirbærafræðileg rannsókn. Marianne E. Klinke.

Samanburður áhrifa lupus anticoagulant á PT-INR, PP-INR og Fiix-NR í blóðþynntum sjúklingum og óþynntum. Páll Torfi Önundarson.

Samantekt á krabbameinslyfjameðferðum af flokki próteínkinasahemla á Íslandi. Ábendingar, öryggi og meðferðarhaldni. Þórunn K Guðmundsdóttir.

Samantekt á krabbameinslyfjameðferðum með einstofna mótefnum af flokki ónæmisörvandi lyfja á Íslandi Ábendingar og þol lyfjameðferða. Þórunn K Guðmundsdóttir.

Sameindalífmerki úr móðurblóði og fylgju til greiningar á meðgöngueitrun. Guðrún Valdimarsdóttir.

Sérhæfð meðferð og snemmtækt inngrip við geðhvörfum á Íslandi. Brynja Björk Magnúsdóttir.

Sitjandafæðingar á LSH. Þóra Steingrímsdóttir.

Sjálfsvígstilraunir. Hverjir og af hverju? Áhrif félagslegra þátta. Sigpróður Birta Jónsdóttir.

Skimun fyrir vannæringu og fæðuskráning sjúklinga á öldrunardeildum Landspítala. Ólöf Guðný Geirsdóttir.

Staða fyrirbyggjandi sýklalyfjagjafa hjá sjúklingum sem fara í valaðgerð á ristli eða endabarmi á Landspítala. Eru fyrirbyggjandi sýklalyfjagjafir á Landspítala í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar? Pétur S. Gunnarsson.

Styrkur laktats í legvatni, tengsl við útkomu fæðinga í íslensku þýði. Þóra Steingrímsdóttir.

Sýkingar eftir hjartaskurðaðgerðir á Landspítala 2013 – 2017. Edda Vésteinsdóttir.

Sýkingar í miðlægum bláæðaleggjum hjá börnum með illkynja sjúkdóma á Barnaspítala Hringins 2008-2017. Valtýr Stefánsson Thors.

Tengsl líkamlegs þols og þrengsla að hjarta hjá drengjum með holubringu. Bjarni Torfason.

Tengsl öndunarhreyfinga við vanstarfsemi í grindarbotnsvöðvum. Halldóra Eyjólfssdóttir.

Þekking einstaklinga með gáttatíf á sjúkdómi sínum. Brynja Ingadóttir.

Þjónusta og sálfélagslegur stuðningur innan Landspítala við einstaklinga með vefræna sjúkdóma og aðstandendur þeirra. Helga Sól Ólafsdóttir.

Þolmörk Landspítala í hópslysum – Bráðaviðbrögð og áhrif á flæði sjúklinga eftir tvö rútuslys. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir.

Þróun á samtali við ljósmóður um fæðingarreynslu: mat á fýsileika íhlutunar. Valgerður Lísa Sigurðardóttir.

Upplifun sjúklinga af þvingunaraðgerðum á geðsviði LSH. Jón Snorrason.

Úttekt á ávisuðum lyfjum við útskrift sjúklinga frá hjartadeild LSH sem greint hafa með bráð kransæðaheilkenni (Acute Coronary Syndrome – ACS) með eða án ST-breytinga (STEMI, NSTEMI) borið saman við ráðleggingar í klínískum leiðbeiningum evrópsku hjartalæknasamtakanna (ESC). Elín I. Jacobsen.

Úttekt á lyfjaupplýsingum við útskrift sjúklinga af Bráðalyflækningadeild Landspítala. Helga Kristinsdóttir.

Verkir, vökustig og óráð sjúklinga á gjörgæsludeildum: Afturvirk sam- burðarrannsókn fyrir og eftir innleiðingu verklags (Pain, agitation and delirium of intensive care patients: Before and after study). Hrönn Birgisdóttir.

Öndunarfæraeinkenni vegna flugeldamengunar – lýsandi rannsókn. Hjalti Már Björnsson.

### Vísindasiðanefnd veitti leyfi fyrir eftirtöldum rannsóknum

Leyfi til nýrra rannsókna frá 2018Að takast á við langvinnan sjúkdóm fjarri sérfræðiþjónustu: Upplifun einstaklinga með kransæðasjúkdóm af eftirliti, endurhæfingu og fræðslu á landsbyggðinni. Margrét Hrönn Svavarsdóttir.

Afdrif íslenskra sjúklinga sem farið hafa í HIPEC. Elsa Björk Valsdóttir.

Afdrif sjúklinga með krabbamein í efri þvágvegum á Íslandi á árunum 2003-2016. Sigurður Guðjónsson.

Afleiðing heilahristings hjá íþróttakönnum: taugasálfræðileg skerðing, andleg líðan og lífsgæði – möguleg heiladingsbilun. Helga Ágústa Sigurjónsdóttir.

Afturskyggn rannsókn á virkni LDN við vefjagigt og skylda sjúkdóma. Björn Rúnar Lúðvíksson.

Áfallastreita og heilbrigðisþjóst. Berglind Guðmundsdóttir.

Áföll í æsku og tengsl við fæðingarreynslu kvenna í Ljáðu mér eyra. Anna María Jónsdóttir.

Áhrif erfða á fæðingarlengd og fæðingarþyngd barna ogtengsl við sjúkdóma. Kári Stefánsson.

Áhrif langtíma undirbúnings og uppvinnslu sjúklinga í bið eftir liðskipta- aðgerð á hné eða mjöðm á aðgerðarferilinn og tíðni fylgikvilla. Sigurbergur Kárasón.

Áhrif líftæknilyfja á: a) tíðni alvarlegra sýkinga, b) notkun sýklalyfja, c) notkun verkja- og bólgueyðandi gigtarlyfja ásamt taugaverkjalyfja. Björn Guðbjörnsson.

Áhrif samræmingar á geilsaskammta barna í tölvusneiðmyndarannsóknum - könnun á stillingum tækja og verklagi við rannsóknir. Jónína Guðjónsdóttir.

Áhrif sérsniðinnar upplýsingagjafa á ákvörðun um meðferðarleið hjá körlum með staðbundið krabbamein í blöðruhálskirtli. (The impact of customized information for men diagnosed with localized prostate cancer). Heiðdís B. Valdimarsdóttir.

Analysis of human HER-3 expression in patient derived Tissues. Þórður Tryggvason.

Árangur vefjasýnatöku í gegnum berkjuvegg (transbronchial lung biopsy) við greiningu staðbundinna og dreifðra lungnasjúkdóma á Íslandi. Steinn Jónsson.

Brjóstakrabbamein íslenskra karla, meinafræði og vægi stökkbreytinga í DNA viðgerðargenum. Stefán Þórarinn Sigurðsson.

Characterization of Monogenic Kidney Stone Diseases. Viðar Örn Eðvarðsson.

Characterizing 2,8-dihydroxyadenine nephropathy. Viðar Örn Eðvarðsson.

Chlamydia trachomatis, Neisseria gonorrhoea og Mycoplasma genitalium kynsjúkdómabakteríur: samanburður á greiningaraðferðum og fyrsta könnun á algengi M. genitalium. Ingibjörg Hilmarsdóttir.

Chronic granulomatous disease - starfsemi frumna með nýfundinn genagalla. Ásgeir Haraldsson.

Cryo AF Global Registry. Kristján Guðmundsson.

Double-blind, Randomized, Paired-Comparison Clinical Trial on Kerecis™ Omega3 Wound and EpiFix® in the Management of Acute Punch Wounds / Þöruð, Tvíblind, Slembiröðuð Klínísk Samanburðarrannsókn á Kerecis™. Baldur Tumi Baldursson.

Ecology of E. coli in Iceland and the origin of human infections – One health approach. Karl G. Kristinnsson.

Eðli og framvinda vægrar vitrænnar skerðingar (Mild Cognitive Impairment) II. Jón Snædal.

Einstaklingsbundin starfsendurhæfing IPS (Individual Placement and Support) - samstarfsverkefni geðsviðs LSH og VIRK starfsendurhæfingarsjóðs - yfirlit og staða. Nanna Briem.

EudraCT 2017-004776-56 Phase IIa Biomarker Study to Evaluate the Efficacy, Safety and Tolerability of AT-1 in Patients with Hereditary Cystatin C Amyloid Angiopathy (HCCAA) - the AT1-HCCAA study. Elías Ólafsson.

EudraCT númer 2018-001547-32. Slembiröðuð, tvíblind, fasa III saman- burðarrannsókn (CANOPY-1). Örvar Gunnarsson.



EudraCT númer: 2017-004785-10 - Íslenskur titill: Opin, fasa II vísindarannsókn þar sem metin verða áhrif meðferðar með carfilzomid og dexametason á mergæxli og mallandi mergæxli. Sigurður Yngvi Kristinsson.

Evrópsk skráningarrannsókn um hryggigt og skilda sjúkdóma: The EuroSpA Research Collaboration Network (RCN) in spondylarthritis (SPA). Áfangi 1 og 2. Björn Guðbjörnsson.

Framvirk rannsókn á Lewy sjúkdómi og vitrænni skerðingu í Parkin1son sjúkdómi. Jón G. Snædal.

Frávik í litningafjölda. Kári Stefánsson.

Gjörgæslulömun á Íslandi 1988-2018: lýðgrunduð faraldsfræðileg rannsókn. Elías Ólafsson.

Greining, meðferð og horfur sjúklinga með krabbamein eða meinvörp í lifur, gallvegum og gallblöðru. Kristín Huld Haraldsdóttir.

Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins og Landspítala Háskólasjúkrahúss. Tómas Guðbjartsson

Húðkrabbamein á Íslandi önnur en sortuæxli: Faraldsfræði, meinafræði og ættfræði í heilu þýði. Jón Gunnlaugur Jónasson.

Hvatvís kauphegðun og frestun á umbun á meðal fullorðinna með ADHD. Sigurlín Hrunn Kjartansdóttir.

Íslenska krabbameinsverkefnið – Rannsókn á erfðafaraldsfræði brjóstakrabbameins. Kári Stefánsson.

Íslenska krabbameinsverkefnið - Rannsókn á erfðum krabbameins í blöðruhálskirtli. Kári Stefánsson.

Íslenska krabbameinsverkefnið - Rannsókn á erfðum krabbameins í nýrum. Kári Stefánsson.

Íslenska krabbameinsverkefnið - Rannsókn á krabbameini í þvagblöðru. Kári Stefánsson.

Íslenska krabbameinsverkefnið – Rannsókn á magakrabbameini. Kári Stefánsson.

Íslenska krabbameinsverkefnið - Rannsókn á skorpulifur og illkynja og góðkynja æxlum í lifur, gallblöðru og gallvegum. Kári Stefánsson.

Kortlagning á ofnæmisvökum í lúsmýsofnaemi, forrannsókn. Sigurveig Þ. Sigurðardóttir.

Kortlagning sómatískra stökkbreyting í ólíkum vefjum og tengsl við sjúkdóma. Kári Stefánsson.

Krabbamein í smágirni á Íslandi. Páll Helgi Möller.

Kviðarholsaðgerðir eftir bráða kviðarholsáverka á Íslandi 1992-2017. Elsa Valsdóttir.

Landskönnun á mataræði og eiturefnagreining lífsýna. Þórhallur Ingi Halldórsson.

Lifrarskaði af völdum blóðþynningarlyfja. Einar S. Björnsson.

Lifun og útkoma sjúklinga með fyrsta flog eða flogaveikigreiningu 1995-1999 – Lýðgrunduð afturskyggn eftirfylgdarrannsókn. Elías Ólafsson.

Líkan sem spáir fyrir um blæðingu frá meltingarvegi hjá sjúklingum á blóðþynningu. Jóhann Páll Hreinnsson.

Líkur á fósturláti eftir legvatnsástungu og fylgjusýni. Uppgjör 10 ára tímabils á fósturgreiningardeild LSH, 2008-2017. Kristín Rut Haraldsdóttir.

Long-term impact of maternal mental health during pregnancy on child's adverse outcomes. Jón Friðrik Sigurðsson.

Lymfoma og önnur krabbamein í tengslum með meðferð með ónæmisbælandi lyfinu Azathioprine (Imurel®). Einar S. Björnsson.

Mapping of decremental evoked potentials (DEEP) in the human atria. Sigfús Órvar Gizurarson.

Metýlun stýrsvæðis cystatín C og vefjasértæk tjáning. Ísleifur Ólafsson.

Mikilvægi hrota og öndunarstoppa fyrir andlega og líkamlega heilsu barna. (e. The importance of snoring and apneas for the mental and physiological well-being of children.). Sigurveig Þ. Sigurðardóttir

NOPHO-CARE. Ólafur Gísli Jónsson.

Notkun GigtRáðs sem klíníks stuðningskerfis (e. Clinical Decision Support System) við greiningaferli sjálfsonæmis- og gigtarsjúkdóma. Björn Rúnar Lúðvíksson.

Notkun háþéttleika heilalínurits (EEG) til að rannsaka annars vegar hlutverk heilabarkar í stöðustjórnun (postural control) og hins vegar aðlögunar ferla er tengist stöðustjórnun í kjölfar óvæntrar truflunar á stöðu í gegnum örvun á stöðuskyni (proprioception). Hannes Petersen.

Notkun sýklalyfja á sjúkrahúsum á Íslandi 2010 til 2018. Már Kristjánsson.

Nýgengi og algengi geðklofa og annarra geðrofsjúkdóma á Íslandi. Ensukur titill: The incidence and prevalence of schizophrenia and other schizophrenia spectrum disorders in Iceland. Halldóra Jónsdóttir.

Nýgengi og tíðni starfrænna floga á Íslandi 1997-2006. Elías Ólafsson.

Nýgengi sarpabólgu á Íslandi 1985-2018. Tryggvi Björn Stefánsson.

Onyx ONE Study; A Randomized Controlled Trial with Resolute Onyx in One Month DAPT for High-Bleeding Risk Patients. Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir.

Op á milli gátta hjá sjúklingum sem fengið hafa blóðþurrðarköst í heila og/eða blóðtappa. Lokun á opinu í hjartaþræðingu, árangur og eftirfylgd. Hróðmar Helgason.

Phase III Development of an EORTC QoL Cancer Survivorship Questionnaire. Þróun spurningalista til að meta lífsgæði hjá einstaklingum sem hafa greinst með krabbamein og lokið meðferð í læknanlegum tilgangi. Nanna Friðriksdóttir.

Pneumocystis jirovecii sýkingar á Íslandi. Sigurður Guðmundsson.

Prófun á þýðingu á matstæki fyrir mænuskaðaða einstaklinga, Mat á sjálfsbjargargetu mænuskaðaðra. Anestis Divanoglou.

Rannsókn á áhrifum erfða á þvagleka og sig líffæra í grindarholi. Kári Stefánsson.

Rannsókn á erfðabáttum sem tengjast starfsemi úttauga. Kári Stefánsson.

Rannsókn á erfðum járnoffleðslu (hemochromatosis). Kári Stefánsson.

Rannsókn á erfðum þarmabólgujúkdóma og ristilsarpa. Kári Stefánsson.

Rannsókn á vefjafræðilegum eiginleikum krabbameinsæxla og tengsl þeirra við arfgenga erfðabreytileika. Kári Stefánsson.

Role of Alu transposons in Sveinsson Choreoretinal Atrophy (Helicoid Peripapillary Choreoretinal Degeneration). Friðbert Jónasson.

Safety-seeking behaviour in Generalized Anxiety Disorder: Psychometric properties of the Generalized Anxiety Disorder – Safety Behaviours Questionnaire (GAD-SBQ) and Worry Behaviours Inventory (WBI) (Prófræðilegir eiginleikar tveggja mælitæka sem mæla öryggishegðun í almennri kviðaröskun). Sævar Már Gústavsson.

Samanburður á nákvæmni og geislaálagi við lengdarmælinu neðri útlíma með tölvusneiðmyndarannsókn og röntgenrannsókn. Guðlaug Björnsdóttir.

Samræmi skráðra og raunverulegra dánarorsaka sjúklinga sem deyja á Landspítala. Már Kristjánsson.

Samþætting hreyfingar og krabbameinsmeðferðar. Agnes Smáradóttir.

